

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 151/2006

frá 8. desember 2006

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka framleiðslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 23. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB):
 - „24. **32004 L 0008**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka framleiðslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE (Stjtið. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilskipunin gildir ekki um samframleiðslu raforku og varma/hita með jarðhita að því er varðar Ísland.“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 92/42/EBE):
 - „– **32004 L 0008**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/8/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.